

2000 nr. 109 25. maí**Lög um starfsréttindi tannsmiða**

■ **1. gr.** Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

□ Ákvæði 1. mgr. haggja ekki rétti tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Þau haggja heldur ekki rétti tannlækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga.

■ **2. gr.** Brot, sem framin eru af ásetningi eða stórfelldu gá-

leysi gegn ákvæðum laga þessara, varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **3. gr.** Iðnaðarráðherra skal með reglugerð¹⁾ setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal hann kveða á um það með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli sækja námskeið til að geta öðlast starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, setja reglur²⁾ um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis, og skal landlæknir hafa eftirlit með þessum þáttum.

¹⁾ Rg. 904/2000. ²⁾ Rgl. 937/2000.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **5. gr.** . . .